

Nd.

426. Frumvarp til laga

[222. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

4. málsg. 66. gr. laganna orðist svo:

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um hvort kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

2. gr.

8. töluliður 141. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Langt er nú síðan flutningsmaður þessa frv. vakti athygli á þeim órétti sem ríkti, er hluta þegnanna væri fyrirmanað að sækja kjörfund á kjördegi, vegna sjúkleika eða öldrunar. að þá væru þeir sviptir um leið þeim grundvallarrétti lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþingis.

Nokkuð var á móti slíkum aðfinnslum komið og réttmæti þeirra viðurkennt a. m. k. í Reykjavíkurborgardæmi, þegar kjördeildum var fjölgað og vistmönnum dvalarheimila aldraðra, sem skipta hundruðum, var opnaður möguleiki til að kjósa á kjördegi innan veggja heimilanna sjálfra.

Stærsta skrefið til að bæta um á þessu sviði var þó stigið með breytingunni, sem gerð var með lögum nr. 15 5. apríl 1974 á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Þá var kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hérlendis heimilað að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Um þessa kosningaathöfn gilda þó enn að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofu eða heimili kjörstjóra, en þar segir, að kjósanda beri að koma á fund kjörstjóra í hentugt húsnæði innan viðkomandi stofnunar og að atkvæðagreiðsla megi eigi fara fram í sjúkrahúsum eða herbergjum vistmanna.

Við slíka kosningaathöfn, þ. e. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvæðagreiðslur utan kjörfundar og að sjálfsögðu þar á meðal 2. mgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna.

Kjósandur, sem þurfa að kjósa til Alþingis utan kjörfundar, hafa snöggum minni rétt en þeir, sem geta greitt atkvæði á kjörfundi. Því í 88. gr. sömu laga segir, að kjósandi eigi rétt á að fá aðstoð við atkvæðagreiðsluna í kjörklefanum, ef hann skýri kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf.

Með ákvæðinu, sem hannar hjálp til handa því fólki, sem vill og þarf að kjósa við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eru ótrúlega margir þegnar okkar þjóðfélags settir á óæðri bekk og sviptir sínum grundvallarrétti — kosningarréttinum.

Þeir, sem tekið hafa þátt í kosningavinnu, máské áratugum saman, þekkja of mörg dæmi þess, að sjúkum, blindum og öldruðum hefur verið snúið grátandi frá utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna líkamlegrar vanhæfni þeirra. Slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað og er löggjafanum til vansæmdar, ef ekki verður úr bætt.

Með þessu frumvarpi, ef samþykkt verður, er bættur sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið dregið á, og heimiluð sama hjálp til handa þeim, sem kjósa utan kjörfundar, og á kjörfundi.

Ákvæðið um bókun á fylgibréfið er til að fyrirbyggja hugsanlega tortryggni kjörstjórnar í fjárlægri heimabyggð kjósanda, sem máské er kunnugt um vanhæfni kjósanda til að neyta atkvæðaréttar síns, en ekki um það, hvernig að atkvæðagreiðslunni hefur verið staðið.

Með samþykkt 2. gr. falla niður refsíákvæði við því að aðstoða kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.